



Samþykkt um götu- og torgsölu í Vestmannaeyjum

Götusala og útimarkaðir geta glætt byggðina lífi og aukið fjölbreytni. Samþykkt þessari er ætlað að tryggja að vel sé að þessum málaflokk staðið, söluvagnar og söluborð séu í sátt við nærumhverfi sitt og að upplýsingar séu aðgengilegar og gegnsæjar fyrir áhugasama söluaðila.

Sölustarfsemi getur m.a. farið fram í:

- sölubifreið
- söluvagni
- söluskála, tjaldi, sölubás
- opnu rými undir berum himni t.d. á borði, undir sólhlíf, á teppi eða sambærilegu.

1.gr.

Götusala og útimarkaðir á við um hvers konar sölustarfsemi sem fer fram utanhúss og á almannafæri, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og opnum svæðum.

2.gr.

Götusala og útimarkaðir eru leyfisskyldir og eru leyfi gefin út til ákveðins tíma.

3.gr.

Minniháttar góðgerðarsölur, s.s. tombólur barna og ungmenna, eru ekki leyfisskyldar samkvæmt reglum þessum. Önnur sala, sem hvorki krefst yfirbyggingar né sérstakrar aðstöðu að neinu leyti eru heldur ekki leyfisskyldar samkvæmt reglum þessum.

4.gr.

Ávallt ber að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu. Mögulegar skemmdir á svæðinu verða lagfærðar af umhverfis- og framkvæmdasviði á kostnað leyfishafa.

5.gr.

Umhverfis- og framkvæmdasvið er umsjónaraðili götusölu, sölubása, söluvagna og útimarkaða og sér um framkvæmd leyfisveitinga, eftirlit og upplýsingagjöf. Leyfisveiting byggir á mati umsókna þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi og umgjörð hennar; vörvali, sölutíma, staðsetningu og útliti.

Úthlutun stöðuleyfa er auglýst á vori hvers árs. Eftir úthlutun er mögulegt að sækja um laus svæði.

Handhafi leyfis fyrir götusölu, sölubása, söluvagna eða útimarkað skal greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá *Skipulags- og byggingar- og þjónustugjalfa*.

6.gr.

Leyfi fyrir götusölu sölubása, söluvagna og útimarkað er ekki hægt að framselja eða framleigja. Þó er heimilt að veita einstökum deildum bæjarins almennt leyfi vegna tiltekinna viðburða sem unnt er að framselja til einstaklinga/lögaðila t.d. vegna Goslokahátíðar eða 17. júní hátiðarhalda.



Vestmannaeyjabær

7.gr

Í umsókn skal tilgreina ósk um staðsetningu og nákvæmar upplýsingar um sölustarfsemi. Með umsókn skal fylgja mynd af söluvagni/bás/borði og upplýsingar um:

- stærð • þyngd • orkugjafa • raforkuþörf sölustarfseminnar (kW), þar sem við á

Ávallt ber þó að gæta hreinlætis og er söluaðila skyld að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu. Götusala og útimarkaðir mega ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar.

Leyfishafa er óheimilt að stunda götusölu eða vera með útimarkað annars staðar en leyfið kveður á um og taka meira pláss en skilgreint er samkvæmt leyfi.

8. gr.

Umhverfis- og framkvæmdasvið ákvarðar staðsetningu, stærð svæðis og tímaramma fyrir götusölu og útimarkaði. Almennt er ekki gert ráð fyrir tengingum við stofnkerfi, svo sem fráveitu, vatnsveitu eða rafveitu.

Svæði A: Gangstétt við Básaskersbryggju - þrjú leyfi. Sala er heimiluð frá kl. 09:00 – 21:00.

Svæði B: Bílastæði við Skipasand - tvö leyfi. Sala er heimiluð frá kl. 09:00 – 21:00.

Svæði C: Vigtartorg – Norðursvæði þrjú leyfi / Suðursvæði fjögur leyfi. Sala er heimiluð frá kl. 09:00 – 21:00.

Engin ummerki skulu vera um starfsemina utan þess tíma sem skilgreindur er í leyfisbréfi. Verði misbrestur á þessu getur Umhverfis- og framkvæmdasvið látið fjárlægja starfsemi söluaðila og/eða hreinsað sölusvæðið á kostnað leyfishafa.

Forsendur fyrir notkun á opinberum svæðum er að björgunar-/viðbragðsaðilar hafi ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfskilyrði.

9.gr.

Gerð er sú krafa að útlit söluvagns/söluborðs sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan fer fram.

Óheimilt er að setja upp hvers konar auglýsingaskilti og merkingar á söluvagn, -borð, eða - bás eða nema í því skyni að auðkenna viðkomandi sölustarfsemi.

Allt sem viðkemur sölustarfseminni skal staðsetja innan þess svæðis sem leyfið kveður á um og í samræmi við skilmála þess.

Leyfishafi þarf að vera tilbúinn að framvísa leyfi til götusölu eða útimarkaðar ef þess bær yfirvöld óska þess.

10. gr.

Leyfi samkvæmt reglum þessum getur hvenær sem er verið afturkallað, að undangenginni viðvörun, ef ákvæði reglna þessara og leyfis hafa verið brotin án endurgreiðslu leyfisgjalds.

Þegar leyfi rennur út eða er afturkallað hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja strax alla fylgihlut og innréttningar. Ef verkið er ekki unnið innan tilgreinds tímafrests áskilur Umhverfis- og framkvæmdasvið sér rétt til að framkvæma þá vinnu á kostnað viðkomandi leyfishafa.

11.gr

Götusala og útimarkaðir lúta gildandi lögum og reglum sem ná yfir starfsemina og umgjörð hennar. Í þeim tilvikum sem starfsemin krefst frekari leyfa en leyfis frá sveitarfélagini fyrir götusölu eða útimarkaði skal leyfisumsækjandi afla þeirra.



Vestmannaeyjabær


GJALDSKRÁ 2024

o	Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, -sumarleyfi maí-sept.	50%	146.047
p	Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, pr. mánuð	15%	43.814
r	Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, pr. vika	7%	20.447

SVÆÐI A – BÁSASKERSBRYGGJA



SVÆÐI B – SKIPASANDUR



SVÆÐI C - VIGTARTORG



Vestmannaeyjabær

